

Staðsetning bæjarstæða undir Eyjafjöllum



Tómas Birgir Magnússon og Þórður Tómasson, 2002 til 2005

Efnisyfirlit

1.	Krókvöllur	1
2.	Syðra-Hólakot	2
3. – 4.	Hrútafellskot, efra og syðra	3 - 4
5.	Bakkar á Bakkamýri	5
6.	Hörðuskáli	6
7. – 8.	Bakkakot, efra og syðra	7 - 8
9.	Gíslatættur	9
10.	Borgarkot	10
11.	Sitjandi	11
12.	Gamli Sitjandi	12
13.	Minniborg	13
14.	Miðbæli	14 - 15
15.	Gamla Gíslakot	16
16.	Gíslakot	17
17 - 18.	Ystabælikot, eystra og vestra	18 - 19
19.	Ystabæli, suðurbær	20
20.	Ystabæli, norðurbær	21
21.	Gamla Ystabæli	22
22.	Túnhóll í Ystabæli	23
23.	Leirur	24
24. – 25. – 26.	Berjaneskot	25 - 26
27.	Gamla Berjanes	27
28.	Svaðbæli	28
29.	Lambafell	29
30.	Svaðbælistúli	30 - 31
31.	Gömlu Steinar	32
32.	Hellnahóll	33
33.	Efri-Brenna	34
34.	Syðri-Brenna	35
35.	Ormskot – suðurbær	36
36.	Harðivöllur	37
37.	Eitra	38
38.	Efstakot	39
39.	Stebbakot	40
40.	Hjarn – Holtsvöllur	41
41.	Gerðakot	42
42.	Efri Lækjarbakki (Borgarhóll efri)	43
43.	Fremri Lækjarbakki (Borgarhóll syðri)	43
44.	Hunkuhóll	44
45.	Fornasel	45
46.	Rimahús	46
47.	Aurgata	47
48. – 49. – 50. – 51.	Hali (I, II, III, IV)	48
52.	Grænaborg	49
53.	Bæjarrúst við Sandhólsmaveg	50
54.	Lambhúshólakot	51
55.	Sauðhúsvöllur – gamalt bæjarstæði	52
56.	Forna-Fit	53
57.	Fitjarmýri (gamla bæjarstæðið)	54
58.	Ysta-Borg (Borg)	55
59.	Sakka	56
60.	Bæjarrúst í landi Helgusanda	57
61.	Hjáleigusandar	58
62.	FO I	59
63.	FO II	60
64.	FO III	61

65.	FO IV	62
66.	FO V – Melar	63
67.	FO VI	64
68.	Helgusandar	65
69.	Nafnlaust bæjarstæði SA af Helgusöndum	66
70.	Nafnlaus bæjarrúst	67
71.	Syðri-Rot	68
72.	Lambhúshóll	69
73.	Króktún	70
74.	Stóri-Murnavöllur	71
75.	Litli-Murnavöllur	72
76.	Hjáleigukot	73
77.	Nauthús	74

Bæjarstæði sem heimildir eru um en staðsetningar ekki þekktar.	75
---	----

Aðrir staðir sem voru staðsettir

Presthellir	76
Búðargarður við Vesturholt	76
Almenningur vestan Fitjarmýrar	76
Almenningur milli Seljalands og Efri-Rota	76
Smalatangi	76

Bæjarpula

Norðarlega eru Nauthús.
Drengir jafnan drekka úr krús.
Þrjár eru Merkur,
og þrættu ekki klerkur.
Dalur og Dalsel
og annar Dalur nærri.
Telja vil ég Tjarnir.
Traustur er hann Bjarni.
Í Hamragörðum býr fátækt fólk,
frúin gaf mér skyr í hólk.
Seljaland og Sandar
sínum görðum granda.
Norðurholt og Nýjabær.
Melar eru farnir.
Fátt er að telja Fit og Hala,
Sauðhúsvöllur er sæmileg jörð.
Í Hvammi vil ég skjala.
Á Núpi er svo nauðahvasst,
þar má kuldans kenna.
Ég nenni ekki að renna
yfir Skálanna þrenna
Holt er á hæðum,
hossar sér á glæðum.
Víkur sér til Vesturholta,
þar má haf á skæðum
með gögnum og gæðum.
Óljótt er Ormskot.
Vallatún og Gerðakot.
Kot eru í kransi,
kæran er í dansi.
Votsamt er í Varmahlíð,
voðalegt á Núpakoti,
svöðugt er í Svaðbæli,
hvasst er í Hlíð.
Steinar og staðirnir snjallir
standa þeir undir fjallinu bæirnir allir.
Berjanes og Borgarslot,
brjóta vötn á Ystabæli.
Merkilegt er á Minniborg,
Miðbæli og Leirum.
Skýri ég þar ekki af bæjunum fleirum.
Hólar og Hörðuskáli,
hark, hark í Klömbu.
Býð ég óð um Bakkakot,
kóngsjörð er Lambafell.
Sittu í friði silkilín,
syndalaus er höndin þín.

Seimgrundin í Selkoti
signi hana Drottinn,
hreppi hún allan heiðurinn
sæll sé hennar bóndinn,
og settu á hann hattinn.
Bruna sér á svellum
þeir á Rauðafellum.
þrætast á um þúfanreit
þeir á Hrutafellum.
Drangurinn í Drangshlíð
datt ofan fyrir Skarðshlíð.
Guðmundur lunti
og Jón bróðir hans,
dansa þeir í Drangshlíð
detta niður í Skarðshlíð.
Skart er í Skógum
með skríkjunum nógum.
Langa þulan aftur úr því
og allt austur í Mýrdal.

Skráð eftir frú Guðrúnu Runólfsdóttur á Fossi á Rangárvöllum fædd, 10.9.1962. Guðrún lærði þuluna í Árkvörn í Fljótshlíð um 1877. Þula þessi hefur verið alþekkt undir Eyjafjöllum og víðar, en mjög í molum og orðaval nokkuð á reiki. Um aldamótin 1600 gengu vitnisburðir um svonefnda Hólaodda í Hrutafellslandi, sem Eyvindarhólaprestur vildi halda undir Eyvindahóla. Féll dómur í því máli 1618. Má af því marka aldur þulunnar. Ekki er loku fyrir það skotið, að eitthvað kunni að hafa glatast úr henni á liðnum tíma, öðru kann að hafa verið aukið við hana. Bærinn Melar mun hafa staðið á gljanni fram af Sandhólmanum undir Vestur-Eyjafjöllum. Sandblástur hefur eytt þar byggð. Hali eyddist af Markarfljóti á 17. öld. Um Nauthús segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1709: „Enginn veit þess fyrstu byggð eður eyðilegging“. Um marga Eyjafjallabæi, sem ekki eru nefndir í þulunni, er vitað, að þeir byggðust fyrst á 17. öld. Ber allt að þeim brunni, að þulan sé ort um aldamótin 1600 eða aðeins fyrir.

Heimildir:

Þórður Tómasson, Eyfellskar sagnir, Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, Reykjavík, 1948

Um verkefnið

Hugmyndin að þessu verkefni kviknaði í eldhúsinu heima hjá foreldrum mínum í Skógum, eftir að hafa lesið mér nokkuð til um sögu Eyjafjalla og komist að mörgu fróðlegu. Það sem ég komst meðal annars fljótlega að við eftirgrennslan mína var að í manntalinu 1703 bjuggu rétt tæplega 1100 manns undir Eyjafjöllum og þá taldi þjóðin rúmlega 50 þúsund. Þetta þótti mér mjög merkilegt og í framhaldi fór ég að velta fyrir mér hvernig fólk hefði búið á þessum tíma og hvar það hefði búið. Eftir að hafa skoðað manntalið frá

1703 og séð að ábúendur undir Eyjafjöllum voru 140 þar af voru 62 undir Austurfjöllunum og 78 undir Vesturfjöllunum. (<http://archives.is/>) þótti mér mjög spennandi að skoða þetta nánar. Kom þá í ljós að Eyjafjöllin voru fjölmenn sveit allt fram að aldamótunum 1900 en þá eins og annarsstaðar tóku margir sig upp vegna breyttra þjóðfélagshátta og fluttu á mölina og allir vita hvernig sú saga hefur þróast. Aftur á móti hafa sjálfsagt færri velt fyrir sér hvernig búsetu málum þjóðarinnar var háttað fram að þeim tíma.

Þar sem ég er svo afskaplega heppinn að eiga frænda minn Þórð Tómasson að, þá bar ég þetta undir hann og honum leyst vel á hugmyndina, þar sem hann hefur mjög góða þekkingu á sögu Eyjafjalla og þekkir vel til hvað þessi mál varðar eins og svo mörg önnur. Telja má að mörg þessara bæjarstæða hafi aðeins verið staðsett í huga Þórðar og því hefði sú þekking hrofið með honum.

Úr varð því að við lögðum krafta okkar saman og ég fékk frábært tækifæri til að njóta þeirrar þekkingar sem hann býr yfir og kynnast minni sveit betur en áður. Verkaskiptingin var því sú að Þórður sá um að vísa mér á réttu staðina sem áður höfðu geymt bæi sveitarinnar, og ég fékk það hlutverk að halda á GPS tækinu og skrá niður.

Ég verð að segja það að það hafa verið mikil forréttindi fyrir mig að fylgja Þórði frænda mínum um sveitina okkar og koma á staði sem ég hef aldrei komið á áður og um leið að fræðast um líf hofinna kynslóða. Þetta er eitthvað sem á eftir að búa með mér svo lengi sem ég lifi.

Fyrstu ferðir okkar í þeim tilgangi að staðsetja gömul bæjarstæði undir Eyjafjöllum fórum við 2002 vanalega seinnipart dags þegar Þórður hafði kvatt síðustu gesti Byggðasafnsins þann daginn. Ferðir okkar urðu að endingu ansi margar og stöðugt mátti finna fleiri bæjarstæði, sumum þeirra höfðum við greiðan aðgang að en til að ná mætti til annarra þurftum við að leita aðstoðar bænda undir Fjöllunum og viljum við þakka þeim Sigmari Sigurðssyni bónda á Sauðhúsvelli sem fór með okkur niður á Halaleiru, og Baldri Björnssyni bónda á Fitjarmýri sem fylgdi okkur vítt og breitt um land sitt sérstaklega fyrir hjálpinu.

Aðferðir við staðsetningu

Til staðsetningar notuðum við Garmin-*etrex* handtæki og ætla má því að skekkja geti numið um 6 metrum. Það ætti samt ekki að koma að sök þar sem svæðið sem um ræðir er í flestum tilfellum mun stærra um sig og í flestum tilfellum má greina einhver ummerki um búsetu. Reynt var að gæta þess að standa í miðju bæjarstæðanna þegar mælingin fór fram.

Reynt var líka að taka myndir af bæjarstæðunum en sökum misjafnra birtuskilyrða eru þær misgóðar og ekki fyrir hendi sumstaðar.

Hvers vegna að staðsetja gömul bæjarstæði?

Hvað mig varðar þá þykir mér þetta verkefni mjög brýnt, kynslóðir hverfa og með þeim margvíslegur fróðleikur sem gengur ekki milli manna. Það að varðveita og safna upplýsingum um hofnar kynslóðir og líf þeirra hlýtur að vera okkur sem lífum í nú mikils virði. Þannig getum við betur áttað okkur á því hver við erum og hvernig við urðum eins og við erum. Hvernig samfélag okkar hefur í gegn um aldirnar breyst og þróast og skilið eftir sig minjar sem okkur ber að varðveita og sjá til þess að komandi kynslóðir eigi auðvelt með að sækja sér upplýsingar um þjóðfélag fyrri alda. Mörg þessara bæjarstæða hafa áreiðanlega merkilega sögu að segja. Oftar en ekki eru þetta bæjarhólar þar sem byggt hefur verið oftar en einu sinni á mismunandi tíma og hefur því hvert bæjarstæði sína sögu að segja.

Merkileg eru bæjarstæði sem finna má niður á Gljá fyrir sunnan Fornusanda þar sem nú er svartur sandur eins langt og augað eygir og yfir honum liggur vatn víða. Melur hefur tekið sér bólfestu þarna og myndað þarna marga hóla. Þetta landslag er mjög sérstakt og yfir að líta ekki búsaðarlegt. En þarna suður frá má finna nokkrar bæjarrústir, sem segir manni að þarna hefur á einhverjum tíma verið gróið og ábúðarhæft. Frá þessum rústum eru komnar ýmsar minjar.

Segja má sömu sögu um bæjarstæðið í Stóru-Borg en þar fóru fram víðtækar fornleifarannsóknir á árum áður og kom þar margt áhugavert í ljós, það bæjarstæði er nú hluti af svartri sandfjöru Eyjafjalla. Önnur bæjarstæði hafa vafalaust sína sögu ef að væri gáð.

Að lokum

Eins og ég hef áður sagt var þetta verkefni mér mjög lærdómsríkt, og einstaklega skemmtilegt. En það er nokkuð annað sem ég tel að sé mjög brýnt að fara að hugsa um og það er að halda til haga þeim örnefnum sem landið hefur að geyma. Ég ætla að dagleg notkun þeirra sé á undanhaldi og þar með hætta á að þau glatist og menn fari að klína nýjum örnefnum á staði sem eiga sín gömlu örnefni, sérstaklega hættulegt hvað varðar ferðamenn sem sækja svæðið heim og ekki þekkja vel til staðháttanna. Mér fundist að það væri mikil eftirsjá í tapa þessum gömlu örnefnum og þætti það vera mjög brýnt verkefni að safna saman örnefnum og helst með því að tengja þau inn á ljósmyndir og kort, þannig að ekki fari á milli mála hvar þau eiga við.

Annars þakka ég fyrir þetta tækifæri að fá að staðsetja bæjarstæði undir Eyjafjöllum og vona að samstarf okkar Þórðar Tómassonar hafi skilað sínu og eigi eftir að nýtast einhverjum þegar fram líða stundir.

1. Krókvöllur

Staðsetning:

N 63°30'30.59"

W 19°37'12.00"

Bæjarhóll vestan við Eyvindarhóla. Hólinn nokkuð greinilegur en ekki sést móta fyrir einstökum bæjarhúsum.

Krókvöllur var hjáleiga frá Eyvindarhólum. Bærinn stóð við vesturjaðar Hólalands, beint vestur af Eyvindarhólum. Í seinni tíð a. m. k. fóru saman tún hjáleigunnar og staðarins. Hjáleigan er komin í byggð 1780 og líklegt að fyrstu þekktu ábúendur, Einar Eyjólfsson og Guðríður Jónsdóttir, hafi verið frumbyggjar. Krókvöllur var kotbýli og bjó öllum búendum sínum kröpp kjör. Jörðin liggur nú undir Eyvindarhóla.

Síðustu ábúendur: Sigurður Eyjólfsson og Ólöf Guðmundsdóttir 1901 til 1906. (*Þórður Tómasson, Sunnlenskar byggðir IV, Eyjafjöll, 58*)



Mynd tekin til norðausturs í átt að Hrutafelli.

2. Syðra-Hólakot

Staðsetning:

N 63°30'22.79"

W 19°36'10.20"

Lítt áberandi hóll sunnan Eyvindahóla II. Austan við hólinn er túngarður og við hann rennur lækur eftir gömlum farvegi Kaldaklifsár. Hólinn er frekar lágur og ekki sést greinilega húsaskipan.

Syðra-Hólakot var önnur hjáleiga frá Eyvindahólum. Bæjarstæðið er suðaustur frá staðnum og standa þar nú fjárhús. Jarðabókin 1709 segir hjáleiguna byggða fyrr en menn til minnstust en þá hafði hún verið í eyði um 2 ár. Talið var þá að hún fóðraði tveggja kúa þunga. Framar hefur Jarðabókin þetta að segja: "Túnum og høgum hefur Kaldaklofsá stórlega spillt með grjóti, leiri og sandi, sem heldur sýnist aukast en afvendast," Jörðin byggðist að nýju á 18. öld og hélst í byggð til 1912. Hún liggur nú undir Eyvindahóla.

Ábúendur: Uni Unason og Kristín Ingimundardóttir 1895 til 1912, Þorvaldur Ingvarsson og Guðbjörg Sigurðardóttir 1912 til 1913.

(Þórður Tómasson, *Sunnlenskar byggðir IV, Eyjafjöll, 58*)



Mynd tekin til norðurs í átt að Hrutafelli.

3. – 4. Hrútafellskot, efra og syðra

Hrútafellskot efra

Staðsetning:

N 63°31'15.60"

W 19°34'48.00"

Hrútafellskot syðra

Staðsetning:

N 63°30'58.4"

W 19°35'37.0"

Bæjarstæðið er nokkra tugi metra suð-vestur af Hrútafelli í ræktuðu túni en við ræktun þess hefur hólinn verið flattur út og er aðeins smá mishæð í túninu.

Hrútafellskot efra stóð um 80 m suðvestur frá Hrútafelli og Hrútafellskot syðra 900 m suðvestur frá efra kotinu. Jarðabókin 1709 getur aðeins um eitt Hrútafellskot í byggð, 5 hundruð að mati og byggt "fyrr en menn til minnst." Þá eru 5 búendur á allri Hrútafellstorfunni, en 20 árum síðar eru þeir orðnir 8. Óljóst er þó, hvort byggð hefst á báðum Hrútafellskotum fyrr en um 1770 og ekki voru bæði samfelt í byggð eftir það. Efra-Hrútafellskot lagðist í eyði 1906, Syðra-Hrútafellskot 1937. Bæði liggja undir Hrútafell. Eigandi Syðra-Hrútafellskots er Skæringur Eyjólfsson. Það var virt á kr. 1.700.00 árið 1922, húsverð þá kr. 500.00.

Efra-Hrútafellskot, ábúendur: Jón Einarsson og Ragnhildur Jónsdóttir 1897 – 1902, Ragnhildur Jónsdóttir 1902 – 1906.

Syðra-Hrútafellskot, ábúendur: Valgerður Eyjólfsdóttir 1901 – 1910, Skæringur Sigurðsson og Kristín Ámundadóttir 1910 – 1912, Uni Unason og Kristín Ingimundardóttir 1912 – 1936. Þess má geta að Uni drukknaði í Kotarás Kristín Ingimundardóttir 1936 – 1937. Sigurþór Skæringsson og Bergþóra Auðunsdóttir 1937 – 1939.

(Þórður Tómasson, *Sunnlenskar byggðir IV, Eyjafjöll, 55*)



Mynd tekin til norðausturs í átt að Hrútafelli.



Mikill og forn túngarður norðan við Hrútafellskot syðra.



Tröppur upp í húsasund í Syðra- Hrútafellskotí.
Áður algengt, nú einstakt dæmi.

5. Bakkar á Bakkamýri

Staðsetning:

N 63°31'5.39"

W 19°36'18.00"

Bærinn stóð á Bakkamýri vestan við veginn niður að Eyvindarhólum. Mjög vel má sjá hver bærinn hefur staðið, smáhóll rís þar upp úr mýrinni. Vel má sjá þar húsaskipan.

Bakkar nefndist hjáleiga frá Hrótafelli. Bæjarnafnið var jafnan skráð með greini, Bakkarnir. Býlið var 2.60 hundruð að gömlu mati. Um jörðina segir í Jarðabókinni 1709: "Var fyrst byggð fyrir 50 árum eða nokkuð meir. Hefur í eyði verið síðan 1708 sökum fólkseklu." Byggð hófst þar síðar á 18. öldinni og lagðist endanlega niður 1784. Réðu þar síðast húsum Steinn Þorgeirsson og Geirlaug Oddsdóttir. Bærinn stóð í suðvesturhorni Hrótafellslands. Nærliggjandi land, svonefnd Bakkamýri, hefur verið sérskipt býlinu frá fornu fari. Bæjarrústin er um 530 m norðaustur af Klömbu. Aðalhúsið hefur verið skáli, um 7,80 x 2,90 m að flatarmáli. Heygarður að baki skála hefur verið um 10 x 7 m að flatarmáli, með breiðu hliði móti norðri. Eigandi jarðarinnar er Ólafur Tómasson í Skarðshlíð I.

(Þórður Tómasson, Sunnlenskar byggðir IV, Eyjafjöll, 55)



Myndin tekinn til suðurs í átt að Eyvindarhólum.

6. Hörðuskáli

Staðsetning:

N 63°31'11.99"

W 19°37'4.20"

Bæjarhólinn stendur á hægri hönd þegar ekið er niður að Stóru-Borg. Hólinn er áberandi og sést greinilega frá veginum skömmu áður en maður er hálfnaður niður að Stóru-Borg. Hólinn er ekki mjög hár en nokkuð mikill um sig og þýfður mjög. Ekki sjást nein greinileg merki um húsatóftir í honum. Hér var búið til 1704. Hólinn er friðlýstur.



Mynd tekin til norðvesturs í átt að Steinafjalli.

7. - 8. Bakkakot, efra og syðra

Staðsetning (efra):

N 63°31'40.20"
W 19°37'7.19"

Staðsetning (syðra):

N 63°31'18.59"
W 19°37'32.99"

Á eystri bakka Bakkakotsár, skammt sunnan Suðurlandsvegur, ber háan hól upp yfir flatlendið. Þar stóð bærinn Efra-Bakkakot og um 730 m suðvestur frá bæjarstæðinu, í beina stefnu á Stóru-Borg hina fornu, er rúst Syðra-Bakkakots. Hóll Syðra-Bakkakots var jafnaður út með jarðýtu eftir 1950.

Þessi býli voru tengd Skógverjum hinum fornu og byggðinni í Ytri-Skógum og austur í Krók (Drangshlíð, Skarðshlíð). Einn vottur þess er sá að býlin voru í Skógasókn, að nokkru sem hólmi í Eyvindarhólasókn.



Efra-Bakkakot, mynd tekin til norðvesturs í átt að Lambafelli.

Efra-Bakkakot var miklu eldra að byggingu. Það virðist komið í byggð um 1300 og fremur sem lögbýli en hjáleiga. Við austurmark jarðarinnar áttu Drangshlíð og Skarðshlíð slægjulönd – og eiga enn – svonefnda Drangshlíðar- og Skarðshlíðarhólma. Bærinn hefur verið settur á bakka en vart hefur Bakkakotsá þá verið til í núverandi farvegi, því vestan hennar eru Helgubakki í Bakkakotslandi og sunnar er Rauðsbakki, sem einnig var í landi Bakkakots vestan árinna.

Bakkakot fylgir Skógaeignum í kóngsgarð 1393. Ámundi Þormóðsson lögréttumaður í Skógum hélt Skógalén um miðja 17. öld. Við hann er kenndur Ámundagarður, er byggður var í mörkum milli Borgartorfu og Bakkakots. Ámundi leyfði byggingu Syðra-Bakkakots um 1670. Hlaut það þriðjung Bakkakotstorfu. Báðar jarðirnar voru metnar á 10 hundruð. Þær komust í bændaeign 1808.

Þorvaldur Bjarnarson á Þorvaldseyri hafði þau skipti við sr. Jes A. Gíslason í Eyvindarhólum um aldamótin 1900 að hann keypti prestsmötu frá jörð sinni Núpakoti, gamalli Steinakirkjueign, og galt fyrir Syðra-Bakkakot. Því fylgir það Eyvindarhólum.



Syðra-Bakkakot, mynd tekin til norðvesturs í átt að Lambafelli.

Jarðirnar voru báðar landlittlar, einkum þó hagapröngar. Efra Bakkakot er eyðibýli frá 1870. Síðustu húsráðendur þar voru Páll Jónsson og Kristín Einarsdóttir. Syðra-Bakkakot er eyðibýli frá 1895. Síðustu húsráðendur þar voru Jón Einarsson og Jóhanna Magnúsdóttir, síðar í Steinum.

(Þórður Tómasson, Sunnlenskar byggðir IV, Eyjafjöll, 59 - 60)

9. Gíslatættur

Staðsetning:

N 63°30'44.99"

W 19°37'57.60"

Húsarústimar standa norð-vestan við Stóru-Borg á leiðinni út að gömlu Stóru-Borg þar sem Anna bjó. Ekki er um hól að ræða heldur hefur bærinn staðið á flatlendi en þarna stóð bær aðeins stutt og því ekki gömul bæjarstæði undir núverandi tóftum. Húsaskipan er mjög skýr og greinileg. Hér var búið 1857 – 1859. Tætturarnar eru kenndar við eina bóndann sem hér bjó, Gísli Guðmundsson.



Mynd tekin til norðvesturs í átt að Steinafjalli.

10. Borgarkot

Staðsetning:

N 63°30'40.80"

W 19°38'37.80"

Hólinn þar sem bærinn stóð er austur af gömlu Minniborg. Hann er nokkuð áberandi og sést greinilega í grónu landinu. Húsaskipan má sjá nokkuð glögglega því ekki hefur hólinum verið raskað.

Borgarkot var hjáleiga frá Stóruborg og segir um hana í Jarðabókinni 1709: "Er fyrst byggð fyrir elstu manna minni, eyðilagðist fyrir 13 eða 14 árum af ágangi Kaldaklofsár." Jörðin hefur verið eyðibýli síðan. Bæjarstæðið er smáhóll á vesturbakka Bakkakotsár beint norður frá Stóruborg hinni fornu. Mótar þar greinilega fyrir húsaskipun. Enn sjást merki til fornra farvega Kaldaklifsár í nánd við bæjarstæðið, eigi síst í bökkum Bakkakotsár. Uppgróið land á þessu svæði, vestan árinna, nefnist enn Aurar.

(Þórður Tómasson, *Sunnlenskar byggðir IV, Eyjafjöll, 55*)



Myndin tekin til norðvesturs í átt að Steinafjalli.



Gíslatættur neðst á mynd, Myndin er tekin af Háskólanum í Birmingham á Englandi

11. Sitjandi

Staðsetning:

N 63°30'48.60"

W 19°38'53.99"

Bæjarhólinn er á austur bakka Bakkakotsár, nokkru ofar og vestar en Gíslatættur. Hólinn er greinilegur og þar má vel sjá húsaskipan og tóftir.

Sitjandi var hjáleiga frá Stóruborg, 4.80 hundruð að fornu mati. Um býlið segir í Jarðabókinni 1709: "Engjum spillir Kaldaklofsá." Bærinn stóð nálægt vesturmarki Borgartorfu, um 70 m norðvestur frá yngsta bæjarstæði Minniborgar. Heitir þar nú Gamli-Sitjandi. Þaðan var bærinn fluttur 1836 af Jóni Andrésyni, síðar bónda í Vallatúni. Jón flutti bæinn drjúgan spöl austur í Borgarland. Rúst hans þar er enn mjög greinileg á austurbakka Bakkakotsár. Þar stóð síðast lítið timburhús, byggt af Tómasi Brynjólfssyni skömmu eftir aldamótin 1900. Austan við bæjarhólin eru tveir mjög greinilegir kálgarðar bænda í Stóruborg og við þá rúst af hrossatröð. Voru hross tröðuð þar um nætur framan af sumri og taðinu safnað til áburðar í garðana. Síðustu ábúendur: Brynjólfur Tómasson og Ingibjörg Arnbjarnardóttir 1881 – 1913. Eigendur nú eru Sigurður Björgvinsson og Jón Ársæll Þórðarson.

(Þórður Tómasson, *Sunnlenskar byggðir IV, Eyjafjöll*, 62)



Sitjandi efst til vinstri á myndinni en Gíslatættur neðst, myndin er tekin af Háskólanum í Birmingham á Englandi.

12. Gamli Sitjandi

Staðsetning:

N 63°30'48.60"

W 19°38'53.99"

Bæjarhólinn stendur neðarlega í túni suðvestur af veginum fyrir sunnan Öndarhorn. Tóftirnar eru ógreinilegar en hólinn hefur verið jafnaður út af jarðýtu eftir 1950. Bærinn var fluttur 1836 af Jóni Andéssyni síðar bónda í Vallatúni. Bæjarstæðið er um 70 metra norðvestur frá yngsta bæjarstæði Minniborgar. (*Þórður Tómasson, Sunnlenskar byggðir IV, Eyjafjöll, 62*)



Myndin tekin til norðvesturs í átt að Steinafjalli.

13. Minniborg

Staðsetning:

N 63°30'44.99"

W 19°38'51.00"

Bæhólinn er lágur og vel gróinn, sker sig vel úr sléttu landslagi. Hann er um hundruð metrum sunnar og ögn austar en hólinn á Gamla Sitjanda. Hólinn hefur verið jafnaður nokkuð út og ekki sér greinileg skil á tófta.

Minniborg var hjáleiga frá Stóru-Borg, 10 hundruð að fornu mati. Í byrjun 19. aldar var tvíbýli á jörðinni. Bæirnir stóðu milli Miðbælis og Stóru-Borgar, og eru bæjarstæðin eydd að mestu eða öllu leyti af völdum vatns og sjávar. Leifar eldra bæjarstæðis Minni-Borgar eyddist suður á fjörunni um og eftir 1960. Þess getur um Minni-Borg 1836 að tón liggi fyrir skemmdum af sandfoki og vatnságangi. Annað býlið var flutt upp á Rauðsbakka 1845. Hitt býlið flutti Gísli Guðmundsson árið 1857 austur í Minni-Borgarslægjur á syðri bakka Miðár, upp frá Stóru-Borg. Þar bjó Gísli í tvö ár. Bæjarrústir þar eru mjög glöggar og heita Gíslatættur. Gísli byggði sér þá bæ vestur í Borgarlandi, vestan Bakkakotsár, um 200 m til landnorðurs frá Miðbæli, e. t. v. á gömlu bæjarstæði. Litlu fyrir þennan búferlaflutning, eða um 1830, hefur myndast farvegurinn djúpi, sem sker Borgarland og Bakkakotsá fellur eftir. Búið var í Minni-Borg til 1911. Háflendan, sem þar var síðast í byggð, liggur nú undir Selkot.

Ábúendur: Bergur Jónsson og Elín Pétursdóttir 1901 – 1906, Þorvaldur Ingvarsson og Guðbjörg Sigurðardóttir 1906 – 1908, Magnús Jónsson og Guðríður Jónsdóttir 1908 – 1911.

(Þórður Tómasson, *Sunnlenskar byggðir IV, Eyjafjöll*, 63)



Myndin tekin til norðvesturs í átt að Steinafjalli.

14. Miðbæli

Staðsetning:

N 63°30'43.79"

W 19°39'8.99"

Bæjarhólinn stendur alveg fram við fjöruna suður af Önundarhorni. Hann er mjög áberandi, hár, stór og vel gróinn. Í hólnum má sjá mjög greinilega húsaskipan þar sem honum hefur ekki verið raskað á neinn hátt. Fyrir framan hólinn má sjá móta fyrir kirkjurúst og kirkjugarði kringum hana.

Bærinn í Miðbæli stóð frammi á sjávarströndinni milli Ystabælis og Stóru-Borgar. Bæjarnefni er stytting úr Mið-Arnarbæli. Varðveittur er kirkjumáldagi þaðan, talinn frá yfirreið Þorláks biskups Þórhallssonar 1179. Jörðin var að fornu 40 hundruð en komin í 30 hundruð 1695. Hjáleigan Gíslakot var þá þriðjungur úr heimajörð. Sjór hafði gengið jafnt og þétt á landið frá miðöldum. Var bærinn fluttur undan sjó um 1600. Getur Oddur biskup Einarsson þess 1590 að kirkjugarðurinn í Miðbæli sé fullur af sandi og ekki hægt að jarða þar. Gamla Miðbæli var komið fram að flæði 1862. Sást þar þá til kirkjugarðs og skálarústar. landbrot hfur gengið áfram upp á graslendið. Rústir þess Miðbælis, sem byggt var um 1600, eru nú í suðurjaðri Miðbælislands, fram við fjöruna. Sést þar enn glögg rúst Miðbæliskirkju, sem lögð var niður 1765, og rúst kirkjugarðs, sunnan við bæjarstæðið. Miðbæli átti Miðbælisfjöru, 1200 faðma langa (stór hundruð).

Lengi var tvíbýli í Miðbæli. um 1830 var þar þríbýli. Þá kreppti mjög að byggðinni þar sökum sandfoks og ágangs Laugarár. Upp úr því fóru Miðbælisbændur að færa sig um set og byggja upp nýja bæi ofar í landareigninni. Síðasti bóndinn flutti þaðan brott 1867. Gamli bæjarhólinn er mikill ummáls og hár og með greinilegum tóttum síðustu bæjarrústa. Bæjarstæðið er þurrlegt og fagurt en á í vök að verjast á komandi tíma haldi land hér áfram að eyðast. Allt land Miðbælistorfunnar ofan fjörunnar er 214.04 ha. Jarðir í Miðbælishverfi eiga allar að réttu tiltölu hlut í Miðbælisfjöru.

(Þórður Tómasson, Sunnlenskar byggðir IV, Eyjafjöll, 64)



Myndin tekin til norðurs í átt að Lambafelli.



Gamla Miðbæli, óglögg mótar fyrir kirkjurúst og kirkjugarði.
Loftmynd tekin af Háskólanum í Birmingham á Englandi.

15. Gamla Gíslakot

Staðsetning:

N 63°30'44.39"

W 19°39'35.39"

Bæjarstæðið stendur norðan í Miðbælisfjöru, um það bil 200 metra frá sjó, nokkuð fyrir vestar Miðbæli. Hólinn er þakinn melgresi sem setur mikinn svip á hann og gerir hann auðþekktanlegan.

Gíslakot var hjáleiga frá Miðbæli, 10 hundruð að fornu mati. Bærinn stóð um 350 m vestsuðvestur frá Miðbæli en var fluttur þaðan á 18. öld sökum landeyðingar af völdum sjávar. Gamla bæjarstæðið er nú norðan í Miðbælisfjöru og um 50 m frá því upp á grös. Bærinn var að nýju byggður nálægt vesturmörkum Miðbælistorfu, um 300 m norðaustur frá Ystabælistoti eystra og um 950 m norðnorðvestur frá Miðbæli. (*Þórður Tómasson, Sunnlenskar byggðir IV, Eyjafjöll, 68*)



Myndin tekin til norðvesturs í átt að Steinafjalli.

16. Gíslakot

Staðsetning:

N 63°31'14.7"

W 19°39'19.6"

Gíslakot var hjáleiga frá Miðbæli, 10 hundruð að fornu mati. Bærinn stóð um 350 m vestsuðvestur frá miðbæli en var fluttur þaðan á 18. öld sökum landeyðingar af völdum sjávar. Framan af 19. öld var tvíbýli í Gíslakoti, stundum þríbýli og býlin þá nefnd Eystra- og Vestra-Gíslakot. Jörðin lá oft undir ágangi Laugarár og Svaðbælisár, stundum svo að horfði til auðnar. Hún lagðist í eyði 1927.

Ábúendur: Sveinn Sveinsson með miðkonu, Þorbjörgu Sæmundsdóttur, og síðustu konu, Helgu Nikulásdóttur 1880-1905, Helga Nikulásdóttir 1905-1906, Guðmundur Vigfússon og Anna Jónsdóttir 1906-1924, Jóhann Guðmundsson og Jónína Jónsdóttir 1924-1927.



Málverk af Gíslakoti um 1925 málað af Ragnari Lár.
Byggðasafnið í Skógum

17. – 18. Ystabælikot, eystra og vestra

Staðsetning: (eystra)

N 63°31'8.40"

W 19°39'39.60"

Staðsetning: (vestra)

N 63°31'11.39"

W 19°39'49.79"

Bæjarstæðin eru á vinstri hönd við veginn niður að Ystabæli. Greinilega mótar fyrir húsarústum.

Um 200 metrum austan vegar er Ystabælikot vestra. Bæjarstæði vestra-Ystabælikots er mun meira áberandi.

Ystabælikot, eystra, stóð við austurmark Ystabælislands, um 500 m austnorðaustur frá Ystabæli. Jarðabókin 1709 greinir aðeins frá einu Ystabælikoti í byggð. 10 hundruð í mati og því helmingur torfunnar. Síðar urðu kotin tvö og hafi þá hvort 5 hundruð. Um galla jarðarinnar hefur Jarðabókin þetta að segja: „Engjum spilla ár á vetrum og sumri með leiri og óklárindum, so og flýtur Holtsós yfir slægjur nær hans útrá lengi teppist og næst þá ei heyskapur. Hagar eru litlir og þröngir.“ Eigi er því nú til að dreifa að Holtsós gangi yfir gömul slægjulönd Ystabælis og er þetta þá vitni um landeyðingu. Jarðabókin telur að jörðin geti fódrað á heyjum 13 kúa þunga og er furðu mikið miðað við ástand jarðarinnar síðar.



Ystabælikot vestra, mynd tekin til suðausturs.

Ystabælikot eystra féll úr byggð 1900. Síðustu húsráðendur þar voru Ámi Runólfsson og Elín Runólfsdóttir.

Ystabælikot vestra stóð um 140 m norðvestur frá eystra kotinu. Hugsanlega kann það að hafa verið byggt af húsfólki í byrjun 18. aldar. Undir lok ábúðar á þessum býlum tveimur varð þar vart haldist við sökum Svaðbælisár, sem þá flæddi oft í vatnavöxtum yfir tún þeirra og haga. Býlið lagðist í eyði 1880. Síðast réðu þar húsum Bjarni Jónsson og Þóra Stefánsdóttir. Bæjarstæðin Ystabælikot eystra og vestra eru bæði óröskuð í nýræktartúni Ystabælisbónda.

(Þórður Tómasson, Sunnlenskar byggðir IV, Eyjafjöll, 70)



Ystabælikot eystra, mynd tekin til austurs.

19. Ystabæli, suðurbær

Staðsetning:

N 63°31'7.80"
W 19°40'16.79"

Bæjarstæðið er sunnan við skurð sem grafinn hefur verið fyrir framan norðurbæinn. Ekki er hægt að greina tóftir. Hóllinn hefur verið jafnaður út við jarðvinnslu en þó má sjá móta fyrir honum í landinu.



Mynd tekin til suðvesturs.

20. Ystabæli, norðurbær

Staðsetning:

N 63°31'9.00"
W 19°40'13.20"

Hús standa enn (2005) eins og sjá má af myndinni, vestar og örlítið sunnar en bærinn er í dag.



21. Gamla Ystabæli

Staðsetning:

N 63°31'1.80"

W 19°40'10.79"

Stór og greinilegur hóll suður af Ystabæli. Á honum standa gömul fjárhús ofan á gömlum bæjartóftum.



Mynd tekin til norðurs í átt að Núpakotsnúp.

22. Túnhóll í Ystabæli

Staðsetning:

N 63°30'54.60"

W 19°40'4.80"

Grasbali við fjörujaðarinn austan við vegarslóða fram að sjó. Ekki er hægt að greina neinar byggingar. Þar hafa fundist gripir frá forni búsetu og einnig hefur verið grafið niður á hleðslur.



Mynd tekin til suðausturs.

23. Leirur

Staðsetning:

N 63°31'33.60"
W 19°41'18.58"

Bærinn hefur staðið á háum og mjög áberandi hól skammt sunnan við Leirnaveg vestan við bæinn Mosa. Hólinn hefur verið sléttaður út og því er ekki hægt að sjá eða gera sér grein fyrir húsaskipan.

Leirur voru næstvestasti bær á sjóbyggð Eyjafjalla í fornri byggð. Nú er bærstæðið um 1150 m frá sjó. Af máldaga Steinakirkju frá um 1300 er að ráða að Leirur hafi þá verið komnar í byggð. Jörðin var 20 hundruð að fornu mati og jafnan bændaeygn. Framan af 19. öld bjó stórbóndinn Magnús ríki Sigurðsson einbýli á Leirum. Í þann tíð náði graslendi jarðarinnar mun lengra fram en nú er. Á seinni hluta 19. aldar eyddust þar grasgefna slægjur í senn af ágangi hafs og Svaðbælisár.

Um miðja 19. öld skiptist jörðin í 4 býli, voru tvö á gamla bæjarhólum en tvö í nánd hans. Árið 1849 var athugað um "stærð og ásigkomulag jarðarhúsa á þeim 5 hundraða parti, sem flutt var úr jörðinni Leirum uppá Mosana fyrir ofan túngarðinn. "Jón Jónsson vinnumaður í Varmahlíð stakk alla kekki til nýbýlis síns á þorranum þetta sama ár og bjó þar síðan meira en hálfa öld.

Árið 1853 flutti að Leirum Petrus Pétursson ættaður frá Hörgslandi á Síðu. Ári síðar flytur hann brott og færist þá til bókar: "Nefndur Petrus hafði eitt ár við jarðarpartinn verið og byggði bæinn á öðrum stað heldur en hann hafði að unanfögnu verið og varið til þess þeim helfingi jarðarhúsa þeirra, sem hann tók við." Þessi nýi bær nefndist fyrst Vestri-Mosar en síðar Nýlenda. Byggð lagðist niður á gömlu Leirum 1912. Síðustu ábúendur þar voru Guðmundur Einarsson og Guðrún Þorfinnsdóttir (1893 – 1912). Jörðin var metin á kr. 1700.00 árið 1922.

(Þórður Tómasson, *Sunnlenskar byggðir IV, Eyjafjöll, 71*)

24. – 25. - 26. Berjaneskot

26. Staðsetning

N 63°31'44.0"
W 19°41'40.5"



Bæjarhóll Berjaneskots, Berjanes og Steinafjall

24. Berjaneskot II

N 63°31'48.3"
W 19°41'25.1"



Berjaneskot II, Núpakotsnúpur í baksýn.

25. Berjaneskot III

N 63°31'45.9"

W 19°°41'28.2"



Berjaneskots getur í Jarðabók 1709 og vissi enginn þá um þess fyrstu byggingð. Það taldist þá fimmtungur Berjanes. Elsta bæjarstæðið er um 250 m austur frá gamla Berjanesi. Flutt var frá því sökum Holtsóss 1796 og bærinn þá færður um 200 m til norðausturs, þar sem hann stóð síðan til 1921. Á tímabili framan af 19. öld bjuggu þar tveir bændur. Jörðin átti sérstakt engjaskipti, Kotaengjar, fyrir norðan Berjanes. Andrés Pálsson, sem flutti að Berjaneskoti 1921, flutti bæinn um 60 m til suðvesturs þar sem hann stóð til 1955, er hann féll úr byggð.

Ábúendur: Kort Hjörleifsson og Hallbjörg Hallvarðsdóttir 1873 – 1901, Hallbjörg Hallvarðsdóttir 1901 – 1914, Þórður Stefánsson og Katrín Guðmundsdóttir 1914 – 1919, Helgi Jónasson og Guðlaug Sigurðardóttir 1919 – 1920, í eyði 1920 – 1921, Andrés Pálsson og Katrín Magnúsdóttir 1921 – 1937, í eyði 1937 – 1938, Helgi Hjálmarsson og Sigríður Sigurðardóttir 1938 – 1943, Bárður Magnússon og Anna Sigurgeirsdóttir 1943 – 1955.

(Þórður Tómasson, Sunnlenskar byggðir IV, Eyjafjöll, 75)

27. Gamla Berjanes

Staðsetning:

N 63°31'42.6"

W 19°42'02.6"

Gamla Berjanes. Hér var búið frá fornöld til 1959 að bærinn var fluttur, fjölbýli á fyrri dögum. Berjaness getur fyrst um 1300. Var kóngsjörð með öðrum eignum Skógverja um 1300, bænda eign síðan laust eftir 1800. Framan af 19. öld voru stundum 6 bændur á Berjanestorfunni, 4 í Berjanesi og 2 í Berjaneskoti. Um og eftir aldamótin 1900 nytjaði jarðeigandinn Þorvaldur á Þorvaldseyri Berjanes að nokkru til heyskapar en leyfði húsmönnum vist þar með nokkur not af slægjum og högum. Andrés Andrésson flutti frá gamla Berjanesi 1959 og byggði öll hús að nýju efst í landi jarðarinnar, austan og ofan við Leirnaveg. Leifar af göngugarði frá Berjanesi til að fara eftir að og frá Berjanesi þegar Holtsós var í uppistöðu sjást enn. (*Þórður Tómasson, Sunnlenskar byggðir IV, Eyjafjöll, 74*)



Stór og voldugur bæjarhóll þar sem Berjanes stóð.



Göngugarðurinn.

28. Svaðbæli

Staðsetning:

N 63°32'33.58"
W 19°39'37.80"

Bærinn stóð skammt sunnan við Þorvaldseyri en nú liggur þjóðvegurinn yfir bæjarstæðið og ekki hægt að sjá að þar hafi verið bær.

Bærinn Svaðbæli stóð í mynna dalsins milli Steinafjalls og Lambafells og er rúst hans að nokkru undir Suðurlandsvegi, eins og hann liggur nú (1978) beint suður af bænum á Þorvaldseyri. Eldra nafn bæjarins var Svartbæli. Getur hans með því nafni í gjafabréfi Árna Guðmundssonar frá 1499, en með því var hálf jörðin gefin Holtskirkju. Var sá helmingur Holtskirkjueign til um 1870, er Þorvaldur Bjarnarson á Núpakoti hafði makaskipti á honum og hálfum Ásólfsskála. Jörðin var metin á 50 hundruð 1709. Það ár voru 4 ábúendur á jörðinni og tvíbýli hélst þar lengst af á 19. öld, meðan byggð var á gamla bæjarstæðinu. Þorvaldur Bjarnarson eignaðist jörðina alla. Síðast dvöldu þar húsmenn og byggð féll niður 1882, er Bjarni Jónsson frá Hörgslandi og Þóra Stefánsdóttir kona hans fluttu brott.

(Þórður Tómasson, Sunnlenskar byggðir IV, Eyjafjöll, 88)

29. Lambafell

Staðsetning:

N 63°32'44.7"

W 19°38'41.3"

Bærinn stóð við suðvestur horn Lambafells. Lambafellsár getur í Landnámu, en ekki er auðið að sjá, hvenær byggð hófst á Lambafelli. Jörðin komst í konungseign á miðöldum og taldist hluti af Skógaeignum. Jörðin lá lengi undir áföllum af völdum Laugarár og Svaðbælisár. Tvíbýlt var á Lambafelli frá því um 1700 og fram til 1859 en þá var annar bærinn fluttur inn á Seljavelli. Byggðin stóð við suðvesturhorn Lambafells á fremur skjólsælum stað. Um 1912 flutti Pétur Hróbjartsson bóndi á Lambafelli bæinn um 350 m austur með Lambafelli sökum ágangs Svaðbælisár. Hafði áin þá brotist þvert suður um Lambafellstún og heim að bæjarvegg. Traðarkjafntinn gamla og hluta af túngarði hefur til skamms tíma mátt sjá vestan við farveg árinna.

(Þórður Tómasson, Sunnlenskar byggðir IV, Eyjafjöll, 89)



Málverk af Lambafelli frá um 1900 málað af Engilbert Gíslasyni, eign Skógasafns.

30. Svaðbælimúli

Staðsetning:

N 63°33'22,4"
W 19°38'58,7"

Fjós

N 63°33'22,0"
W 19°39'00,7"

Bæjarstæði Svaðbælimúla er suðaustan í Svaðbælimúla, nokkuð upp í brekkunni. Ekki er miklu undirlendi fyrir að fara en landið vel gróið. Bæjarrúst sést ágætlega. Þar hefur verið krossbyggt tveggja kúa fjós með hlöðubás.

Árið 1854 reistu Þorfinnur Guðmundsson og Steinvör Einarsdóttir frá Svaðbæli byggð í Svaðbælisheiði, í brekkunni sunnan í heiðarsporðinum, þar sem heitir Svaðbælimúli. Býlinu var gefið sama nafn, en í mæltu máli gekk það oftast undir nafninu Múli. Byggð þeirra hjóna stóð þarna til 1870. Bæjarstæðið er óraskað. Rústirnar tala sínu máli um kröpp kjör þessara frumbýlinga. Fjósrústin uppi í hlíðinni, um 40 m norðvestur frá bæjarrústinni, sýnir að þar hefur verið krossbyggt tveggja kúa fjós, með hlöðubási fyrir kálf eða vetrung. Í nánd tóttanna mótar fyrir heimreið (tröðum) og vallargarði. Á grundinni niður frá tóttunum, þar sem mætist völlum og aur, er grjóthlaðinn stekkur, óraskaður, og bak við hann lambakróin. Varla hafa þar verið nema svo sem 10 ær í kvíum.

(Þórður Tómasson, *Sunnlenskar byggðir IV, Eyjafjöll, 88*)



Bæjartættur Svaðbælimúla



Krosshlaðið fjós, Þorvaldseyri í bakgrunni.



Lambakróin

31. Gömlu Steinar

Staðsetning: (kirkjugarður)

N 63°32'40.7"

W 19°42'23.1"

Gömlu Steinar var eitt af fáum byggðarörpum landsins með 8 bændum árið 1880 og kirkju til 1890. Byggð lagðist endanlega niður 1926 sökum skriðuhlaups og vatnsflóðs frá Steinafjalli. Áður hafði hlaup fallið á byggðina 1888.

Byggðin í Steinum er í vesturjaðri Austur-Eyjafjalla. Hér var margbýli frá fornu fari. Bæirnir standa undir háreistum hömrum Steinafjalls, sem oft veita gott skjól í norðanátt. Hér hefur byggð hafist í fornöld. Steinakirkju getur um 1200 og Kráks bónda í Steinum á 13. öld. Steinaland er lítið að víðáttu og fjallendi gróðurlítið ofan Steinahamra. Samt var þetta önnur hæst metna jörð Austurfjalla, 60 hundruð.

Framan af 19. öld voru þar stundum 9 bændur en oftast síðan 8. Undir lok aldarinnar hefst mikil hnignunarsaga byggðarinnar.

(Þórður Tómasson, *Sunnlenskar byggðir IV, Eyjafjöll*, 76)



Steinakirkjugarður, fyrir neðan bæjarrústir.

32. Hellnahóll

Staðsetning:

N 63°33'04,2"

W 19°46'28,5"

Áberandi og mikill bæjarhóll austan Holtsár, norðan Þjóðvegjarins. Holtsá var veitt að bænum með fyrirhleðslu 1912 til að vernda byggð í Holtshverfi. Tættur bæjarhúsa eru greinilegar, svo og heygarðs norðan í hólnum.

Stóð sunnan við Holtsnúp, rétt við skriðuræturnar. Bærinn var kenndur við hella, sem voru í bæjarhólnum. Rúst hans er við rétt Holtsárbrúna. Jörðin átti framan af sérskipt land. Um það vitnar m.a. örnefnið Merkigarður í Varmahlíðarbrekkum. Hún átti útmæld skákaskipti í Vallatúnsengjum og á Holtsmýri. Þótti áður notalegt býli. Jörðin er nú í einkaeign (sjá Moldnúpur). Ábúendur: Ingvar Einarsson og Ástríður Sigurðardóttir 1892 – 1909, Nikulás Illugason og Kristín Pálsdóttir 1909 – 1911, Guðmundur Sigurðsson og Jóhann Ólafsson 1911 – 1915.

(Þórður Tómasson, *Sunnlenskar byggðir IV, Eyjafjöll, 136*)



Hellnhóll, Holtsnúpur til hægri á mynd.

33. Efri-Brenna

Staðsetning: (efri)

N 63°32'59.39"

W 19°47'11.40"

Bærinn stóð þar sem nú er heimreiðin að Ormskoti, skömmu áður en beygt er til hægri heim að Ormskoti. Sjá má ummerki um bæjarstæðið á lítilli grasvaxinni hæð.

Bærinn stóð steinsnar norður frá Syðri-Brennu, átti skákaskipti í heimatúnum og engjar til jafns við Syðri-Brennu. Á 17. öld var Brennan þrískipt og þriðji partur í Brennuengjum þá lagður Ormskoti. Bæjarstæðið er enn greinilegt. Síðustu ábúendur: Jón Jónsson og Álfheiður Egilsdóttir (1858).

(Þórður Tómasson, *Sunnlenskar byggðir IV, Eyjafjöll, 136*)



Myndin tekin til vesturs í átt að Hvammsnúpi.

34. Syðri-Brenna

Staðsetning:

N 63°32'57.59"

W 19°47'11.40"

Bærinn stóð rétt við Efri-Brennu aðeins um 20 metrar á milli bæja. Sjá má ummerki um bæjarstæðið á litlum grasivöxnum hól. Jafnað var úr tóftum með jarðýtu.

Bærinn stóð um 60 m norður frá Ormskoti. Þar hefur hafist byggð um 1600. Við Brennu eru kenndar Brennuengjar fyrir utan Rimhúsaál. Á bæjarstæðinu voru fjárhús og hesthús frá Ormskoti fram um 1940. Síðustu ábúendur: Ingvar Gíslason og Jóhanna Þorvaldsdóttir. Bærinn lagðist í eyði 1900.

(Þórður Tómasson, Sunnlenskar byggðir IV, Eyjafjöll, 137)

35. Ormskot - suðurbær

Staðsetning:

N 63°32'52.79"

W 19°47'11.40"

Bærinn stóð litlu sunnar en Ormskot sem nú er í byggð, um það bil 30 metrum eða svo. Lítil ummerki sjást um bæjarstæðið.



Myndin tekin til vesturs til Hvamnnúps.

36. Harðivöllur

Staðsetning:

N 63°33'6.59"

W 19°47'4.80"

Bærinn stóð fyrir sunnan þjóðveginn rétt fyrir vestan brúna yfir Holtsá. Hann stóð þar sem nú er tún og er ekki hægt að greina ummerki þess að þar hafi staðið bær.

Bæjarstæðið sker því nær lína beint upp frá Ormskoti og beint austur frá Holti. Er nú á fárra vitorði hvar bærinn stóð. Holtsá rann þar síðast heim að húsum og eyðilagði byggðina 1817. Lítil grasblettur hélst þó óeyddur. Þetta land er nú nýlagt undir ræktun. Það lagðist til Holts í síðustu landskiptum í Holtshverfi (sjá Syðsta-Grund). Sigmundur Auðunsson og Guðlaug Magnúsdóttir bjuggu síðast í Harðavelli. (*Þórður Tómasson, Sunnlenskar byggðir IV, Eyjafjöll, 137*)



Mynd tekin til austurs í átt að Holtsnúpi og Steinafjalli.

37. Eitra

Staðsetning:

N 63°33'31.19"

W 19°47'2.39"

Bærinn Eitra stóð nokkuð fyrir ofan þjóðveginn þegar komið er vestur fyrir Holtsá. Ef varnargarðinum vestan árinna er fylgt þá er komið að bæjarstæðinu nokkur hundruð metrum frá þjóðveginum. Engin ummerki byggðar nú í yfirborði lands.

Bærinn stóð skammt vestur frá gömlu Holtsheiðarréttinni í Njóladal, rétt við flóðgáttina, sem sett var þar á varnargarð fyrir Holtsá. Nú sér þess engan stað en minjar þess geymast í jarðvegi. Bæjarstæðið er í því landi, sem Hellnahóli var lagt við landskipti. Bærinn féll úr byggð 1826, síðan endurbyggður í Efstakoti. Síðustu ábúendur í Eitru voru Hannes Jónsson og Hildur Eiríksdóttir.

(Þórður Tómasson, Sunnlenskar byggðir IV, Eyjafjöll, 137)



Myndin tekin til norðurs, í átt að Fosshólum.

38. Efstakot

Staðsetning:

N 63°33'16.80"

W 19°47'18.60"

Bærinn stóð nokkru vestan við afleggjarann niður að Holti, aðeins um 20 metra norðan við þjóðveginn. Bæjarhólinn er greinilegur. Honum var jafnað út í kálgarð rétt fyrir 1940.

Bærinn stóð upp frá Holti og er bæjarstæðið rétt norðan við Suðurlandsveg, lítt raskað. Þarna hefur byggð hafist fyrir 1600. Jörðin lá löngum undir áföllum af Holtsá og framur öðru er til hennar að rekja eyðingu byggðar. Síðustu ábúendur: Sigmundur Gíslason og Guðrún Jónsdóttir (1891).

(Þórður Tómasson, Sunnlenskar byggðir IV, Eyjafjöll, 137)



Myndin tekin til norðvesturs í átt að Miðskálaegg.

39. Stebbakot

Staðsetning:

N 63°33'22.20"

W 19°48'28.79"

Bærinn stóð norðan við markaskurð milli Holts og Ásólfskála, nokkuð sunnan við þjóðveginn. Sjá má ummerki þar sem bærinn hefur staðið, þar er lágur hól á skurðbarmi.

Býlið var í Ásólfskálalandi, upp frá Syðstu-Grund. Markið milli Holts og Ásólfskála var skári og hálfskæri sunnan við Stebbakotshól. Þarna hafa sést auðsæ merki manabyggðar við gróft landamerkjaskurðar. Bæjarstæðið er lítt áberandi. Engar heimildir eru um býlið fram yfir landamerkjaskrár.

(Þórður Tómasson, Sunnlenskar byggðir IV, Eyjafjöll, 137)



Myndin tekin til norðvesturs í átt að Hvammsnúpi.

40. Hjarn - Holtsvöllur

Staðsetning:

N 63°32'59.39"

W 19°48'11.40"

Hólinn þar sem bærinn Hjarn stóð er í túni suð-austur af bænum Mið-Grund. Slétt hefur verið úr hólnum við jarðræktun og því ómögulegt að greina tóftir eða húsaskipan.

Suðaustur frá Mið-Grund stóð bærinn Holtsvöllur en var alltaf í daglegu tali nefndur Hjarn. Þar stóð stuttan tíma húsmennskubýli á dögum séra Þorvalds Böðvarssonar í Holti (um 1830). Kallaði hann að það væri byggt á hjarni, en byggt var það í svonefndum Holtsvelli. Þangað flutti Gissur Jónsson bæinn í Ormskoti 1882 sökum ágangs Holtsár og bjó þar til dauðadags, 1894. Síðan bjó þar ekkja hans, Ásta Jónsdóttir, til 1896. Þarna voru fjárhús frá Mið-Grund eftir að býlið féll úr byggð. (*Þórður Tómasson, Sunnlenskar byggðir IV, Eyjafjöll, 137*)



Mynd tekin til norðvestur í átt að Miðskálaegg.

41. Gerðakot

Staðsetning:

N 63°32'43.6"

W 19°47'43.6"

Kirkjujörð frá Holti, komin í byggð á 13. öld og nefndist þá Gerðar. Bærinn stóð beint suður frá Holti og vestur frá Vallatúni. Þar er nú mikil og há rústadyngja, enn óröskuð, og greinilegar túngarðshleðslur. Síðast voru þar fjárhús frá Holti (til um 1930). Gerðakot átti nærtækar og grasgefnar engjar heiman frá bæ og suður að Holtsósi, auk engjaskipta á Holtsmýri. Lengi var tvíbýli í Gerðakoti og oft búið þar fremur góðum búum. Séra Kjartan Einarsson prófastur í Holti lagði Gerðakot undir staðinn sökum nálægna slægna. Ábúendur í austurbæ: Margrét Eyjólfsdóttir 1898 – 1900 eftir mann sinn, Árna Stefánsson. Sveinn Ólafsson og Vigfúsína Bjarnadóttir 1900 – 1916, í húsmennsku fyrst og með leigðar slægjur frá Holti. Jón Stefánsson og Þuríður Ketilsdóttir 1903 – 1912, með ábúð á austurjörðinni í Varmahlíð. Ábúendur í vesturbæ: Þorsteinn Sveinbjarnarson 1885 – 1903, með fyrri konu sinni, Guðlaugu Jónsdóttur (d. 1886) og síðari konu, Guðnýju Loftsdóttur. Sigurhans Ólafsson og Dóróthea Sveinsdóttir 1903 – 1911. Benedikt Jónsson og Ólöf G. Einarsdóttir 1912 – 1914.

(Þórður Tómasson, *Sunnlenskar byggðir IV, Eyjafjöll, 136*)



Gerðakot, fornir túngarðar greinilegir og engjagata upp að Holti.
Myndin er tekin af Háskólanum í Birmingham á Englandi.

42. – 43. Efri Lækjarbakki (Borgarhóll efri), Fremri Lækjarbakki (Borgarhóll syðri)

Staðsetning: (efri)

N 63°32'53.39"
W 19°49'57.59"

Hólinn stendur suð-vestur af bænum Indriðakoti, niður í mýrlendi. Hólinn er allhár. Ekki er hægt að greina eða sjá húsaskipan eða útlínur tófta.

Staðsetning: (syðri)

N 63°32'49.80"
W 19°50'1.80"

Hólinn stendur líkt og hól efri Lækjarbakka suð-vestur af bænum Indriðakoti, en örlítið neðar eða um 100 metrum. Hólinn er mjög svipaður þeim efri. Ekki er hægt að greina tóftir eða húsaskipan með greinilegu móti.

Beint suður af Indriðakoti eru tveir hólar, nefndir Borgarhólar, vafalítið af því að þar hafa síðast verið fjárborgir. Þar stóðu áður Lækjarbakkabæir. Lagðist annar í eyði 1682 en hinn 1708, "eftir stóru bóluna." Bæjarstæðin eru umflotin af Holtsósi í mestu uppistöðum hans.

(Þórður Tómasson, Sunnlenskar byggðir IV, Eyjafjöll, 137)



Efri Lækjarbakki, mynd tekin til norðvesturs í átt að Núi.



Mynd tekin til vestur í átt að Hvammsnúpi.

44. Hunkuhóll

Staðsetning:

N 63°32'57.00"

W 19°50'46.80"

Hólinn stendur austan við Rimhúsaál. Ekki er hægt að greina tóftir eða húsaskipan.

Á eystri bakka Rimhúsaáls, vestur frá Borgarhólum, er Hunkuhóll á Hunkubakka. Þar bjó, að sögn, einsetukona Húngerður að nafn og nefnd Hunka.
(Þórður Tómasson, *Sunnlenskar byggðir IV, Eyjafjöll, 137*)



Mynd tekin til norðurs í átt að Miðskálaegg.

45. Fornasel

Staðsetning:

N 63°32'49.84"

W 19°51'07.45"

Á vesturbakka Rimhúsaáls, sunnan Rimhúsalands, eru fagrar vallendisgrundir nefndar Fornasel. Þar er smáhóll, sem ber vitni mannavistar. Heitið vitnar um forna selstöðu frá Holti. Síðar var þarna hjáleigan Fornasel. hún lagðist í auðn um 1677.

46. Rimahús

Staðsetning:


N 63°33'27,8"
W 19°51'07,6"

Áberandi hóll á ármótum Kelduáls og Írár. Hóllinn hefur verið sléttaður og því ekki hægt að sjá þar merki um tættur.

Rimhús eða Rimahús, hjáleigubýli frá Ásólfskála, 5 hundruð að gömlu mati. bærinn stóð á vestri bakka Rimhúsaáls, sunnan við vatnamót Kelduáls og Írár. Eldra bæjarstæði, gömlu Rimahús, er í mörkum milli Ystaskálatorfu og Rimahúsa. Rimhúsaengjar, blautt engi suðvestur frá bænum hefur um aldir verið hluti af Holtstorfundi. Rimhúsaálsbakkar suður frá bænum voru góðar valllendisslægjur. Jörðin á að sínum hluta beitarland í Ásólfskálaheiði. Gömlu Rimhús hét hóll vestur frá bæ í landamörkum. Við býlið eru kennd örnefni Rimhúsaáll (Kelduáll, Írá, Miðskálaá í einum farvegi)

Ábúendur: Jónas Jónasson og Þuríður Jónsdóttir 1892 – 1908. Þuríður Jónsdóttir með börnum sínum 1908 – 1913. Í eyði 1913 – 1918. Guðjón Jónsson og Bergþóra Jónsdóttir 1918 – 1920. Þá fór jörðin í eyði og var fyrst nytjuð af ábúanda Indriðakots. Eyjólfur Jónsson á Mið-Grund keypti hana laust eftir 1920 og lagði undir Mið-Grund. Hún gekk síðan til Jóns sonar hans og frá honum til Sigríðar dóttur hans og tengdasonar Guðmundar J. Árnasonar frá Ísafirði, er fengu hana til stofnunar nýbýlis en byggðu hús þess heima á Mið-Grund. Við landaskipti í Ásólfskálatorfu fengu Rimahús útmælt land upp frá Mið-Grund, sem tekið var til ræktunar af þeim Guðmundi og Sigríði. Jörðin er nú aftur sameinuð Mið-Grund. Eigandi hennar er Sigríður K. Jónsdóttir.

Árið 1922 var landverð Rimahúsa 900 kr. Árið 1977 var landverð 1.204.000 kr. og tún var 19 ha.



Rimhús, Ásólfskálaegg fyrir miðju.

47. Aurgata

Staðsetning:

N 63°34'27.59"

W 19°49'23.99"

Bærinn stóð um 20 metrum sunnan við veginn vestan Ystaskála. Bæjarhólinn er greinilegur en tættur, sléttaður út.



Myndin tekin til vesturs í átt að Írá.

48. – 49. – 50. – 51. Hali

Staðsetning:

48. Hali I
N 63°34'05,0"
W 19°55'22,6"

49. Hali II
N 63°33'58,2"
W 19°55'39,1"

50. Hali III
N 63°34'08,9"
W 19°55'13,8"

51. Hali IV
N 63°34'10,3"
W 19°55'09,7"

Halaleira heitir austurhlutinn af landi Fitjarmýrar, nú öll vaðandi í grasi, en áður lítt gróin sökum framburðar Markarfljóts sem flæddi hér um meira og minna um árhundruð og allt fram um aldamótin 1900. Hér stóð býlið Hali til um 1600, land þess lagðist undir Fit og Fitjarmýri. Fit átti þriðja hverja þúfu í Halaleiru sagði gamla fólkið. Þrír hæðarbalar austast í Halaleiru, raunar fleiri benda til byggðar. Þeir eru um það í beinni línu milli Hvamms og Nýjabæjar. Steinn sást í einum balanum fyrir löngu. Húsatættur hafa máðst út sökum sandfoks fyrr á árum. Rétt væri að gera hér könnun með járntei. Keldufarvegur liggur suðaustur eftir landinu. Áður var alfaraleið með honum austur til Mýrabæja og vestur frá Mýrabæjum. Grænhóll er í landi Fitjarmýrar upp frá Nýjabæ, á Engjabökkum. Þar eru rústir.



Svæði það sem Hali var, Hvammsnúpur í baksýn.

52. Grænaborg

Staðsetning:

N 63°33'31.79"

W 19°56'40.79"

Bæjarstæði á Sandhólsmavegi austan Fornusanda í landi Nýjabæjar.



Mynd tekin til suðurs í átt til Vestmannaeyja.

53. Bæjarrúst við Sandhólsmaveg

Staðsetning:

N 63°33'26.99"

W 19°56'17.40"

Forn bæjarstæði við Sandhólsmaveg í landi Nýjabæjar. Bæjarstæðið er norðan og sunnan skurðar sem sem liggur hér meðfram Sandhólsmavegi. Við skurðgröftinn komu í ljós margvíslegar mannamínjar.



Mynd tekin til norðausturs í átt að Hvammsnúp.

54. Lambhúshólskot

Staðsetning:

N 63°33'11.99"

W 19°54'30.00"

Lítill bæjarhóll nokkra tugi metra norðaustur af Lambhúshól. Ekki er hægt að greina þar einstakar tóftir.

Bærinn var afbýli úr Lambhúshóli, var í byggð til 1910, er seinustu ábúendur þar, Jón Jóngeirsson og Margrét Guðlaugsdóttir fluttu að Vestur-Holtum. Síðan hefur jörðin fylgt Lambhúshóli.



Mynd tekin til norðausturs í átt að Hvammsnúp.

55. Sauðhúsvöllur – gamalt bæjarstæði

Staðsetning:

N 63°35'06,8"
W 19°54'47,2"

Upp við fjallsrætur fyrir austan Sauðhúsvöll er greinilegt bæjarstæði sennilega lagt í eyði fyrir hrap ofan frá fjallinu. Hrapklettur eru í rústunum. Nafnlaust



Horft til suðausturs í átt að Hvammsnúp

56. Forna-Fit

Staðsetning:

N 63°35'35.98"

W 19°57'9.59"

Mikill bæjarhóll, nokkur hundruð metra vestan við bæinn Fit. Hólinn er mikill og langur og í honum má sjá móta greinilega fyrir byggingum. Bakki er fyrir framan hólinn og má ætla að þar hafi Markarfljót runnið á þeim tíma þegar það rann austur með Eyjafjöllum fyrir á öldum.



Mynd tekin til vesturs í átt að Paradísarhelli.

57. Fitjarmýri (gamla bæjarstæðið)

Staðsetning:

N 63°35'26.39"

W 19°58'20.40"

Gamla bæjarstæði Fitjarmýrar skammt austan við núverandi bæjarstæði. Greinilegur bæjarhóll þó ekki móti fyrir einstökum tóftum.

58. Ysta-Borg (Borg)

Staðsetning:

N 63°35'13,5"
W 19°57'15,6"

Ysta-Borg, hjáleiga frá Fitjarmýri. Var 5 hundruð í mati. Í eyði 1709. Bæjarstæðið nefnist nú Borg. Er suður frá Fit, á syðri bakka farvegs eða fyrrum stórrar keldu og alfaraleið var meðfram henni, framan við Borg, austur á Mýrabæi. Bæjarrústin er lítt áberandi, óröskuð, nú í túni, áður í Fitjarmýrarengjum. Engjafólk drakk þar löngum eftirmiðdagskaffi eða át þar nónmát.

(Heimild Jarðarbók Árna Magnússonar og frásögn Baldurs Björnssonar bónda á Fitjarmýri 24.9.2005)



Ysta-Borg, Fit í baksýn.

59. Sakka

Staðsetning:

N 63°34'43.80"

W 19°58'35.99"

Forn bæjarhóll nokkru suð-austur af Fitjarmýri. Hólinn hefur verið sléttaður í tengslum við ræktun túns, en er þó greinilegur. Sitt hvoru megin við hann eru tvær holur sem líklega eru brunnholur. Á þessu svæði þar sem hólinn stendur má sjá tættur útihúsa.



Mynd tekin til austurs í átt að Hvammsnúpi.

60. Bæjarrúst í landi Helgusanda

Staðsetning:

N 63°33'40,9"

W 19°59'21,7"



Horft í norðaustur að Hvammsnúp

61. Hjáleigusandar

Staðsetning:

N 63°33'35,4"
W 19°58'31,9"

Býlið Hjáleigusandar stóð skammt suðvestur af Fornusöndum og er bæjarstæðið vestan við nýlegan markaskurð milli Fornusanda og Helgusanda, rétt við skurðinn. Það var komið í byggð fyrir 1700 og var að fornu mati 5 hundruð. Jörðin lá undir áföllum af sandfoki frá gljanni eins og næstu býli í Sandhólma. Jörðin lagðist undir Seljalandssel og eftir landskipti í Fornusandatorfu liggja nú lönd beggja jarða saman. Á Hjáleigusöndum var búið til 1861. Þórarinn Jónsson og k. H. Guðrún Þórðardóttir voru síðustu ábúendur.



Horft til norðausturs í átt að Fornusöndum og Hvammsnúp

62. FO I

Staðsetning:

N 63°33'22,6"
W 19°58'53,4"

Nafnlaus uppblásin bæjarrúst á Sandhólmagljá. Litlar minjar byggðar, enda sóttu Sandhólmabændur hingað í rústimar byggingargrjót



Horft til norðausturs í átt að Fornusöndum og Hvammsnúp

63. FO II

Staðsetning:

N 63°33'17,3"
W 19°59'14,3"

Uppblásin bæjarrúst. Hér stóð meginbýlið í Sandatorfu, Sandar, frá um 1400 til um 1640. Var þá flutt á hið forna bæjarstæði, Fornusanda ofar í landinu. Byggðarminjar glöggar en oft huldar af melkollum.



Horft til norðurs í átt að Fit

64. FO III

Staðsetning:

N 63°33'28,1"
W 19°59'27,4"

Nafnlaus uppblásinn bæjarrúst á Sandhólmagljá.



Horft til norðausturs í átt að Fornusöndum og Hvammsnúp

65. FO IV

Staðsetning:

N 63°33'26,8"
W 19°59'39,8"

Uppblásin bæjarrúst. Hér stóð sennilega býlið Stekkjarbakki á 17. öld. Brot úr krítarpípu frá lokum aldarinnar er til tímaákvörðunar.



Horft til norðausturs í átt að Fornusöndum og Hvammsnúp

66. FO V - Melar

Staðsetning:

N 63°33'22,1"
W 19°59'46,5"

Uppblásin bæjarrúst. Að sögn stóð hér býlið Melar sem um getur í bæjarþulu Eyjafjalla: "Melar eru famir". Bæjarstæðið er útflett í gljánni, ca. 1400 m² að víðáttu.



Horft til austurs.

67. FO VI

Staðsetning:

N 63°33'19,0"
W 19°59'39,7"



Horft til norðausturs í átt að Fornusöndum og Hvammsnúp

68. Helgusandar

Staðsetning:

N 63°33'51,5"

W 19°59'18,9"

Helgusandar, öðru nafni Sandakot, voru vestasti bær í Fornusandatorfu. Nafnlaust, gróið bæjarstæði er skammt suður frá Helgusöndum og nokkur bæjarstæði eru á gljánni fram frá Helgusöndum. Kann bærinn að hafa staðið þar áður, en kominn er hann í byggð fyrir 1700. Í seinni tíð hefur gróðurinn jafnt og þétt sótt fram gljána. Engjalönd Sandajarða voru í skákum upp og austur frá Helgusöndum fram um 1950 en nú hefur landinu verið skipt upp á milli jarðanna. Hér er gnótt minja búskapar framan af 20. öld. Jörðin er flatlend og var votlend, einkum ofan til, kúgæft hey svo lítið að nægði vart handa tveimur kúm. hún er í eyði frá 1949. Syðri-Rot hafa fylgt Helgusöndum frá 1915. Eigandi beggja jarðanna er db. Einars Einarssonar í Nýjabæ. Fasteignamat árið 1922: Landverð 700 kr., húsaveið 400 kr. Fasteingamat árið 1977: Landverð 406.000 kr.

Ábúendur: Jón Guðmundsson 1895 – 1903. Gísli Sigurðsson og k. h. Sigríður Auðunsdóttir (d. 1914) 1903 – 1915. Gunnar Sigurðsson og k. h. Guðbjörg Þ. Kristjánsdóttir 1915 – 1920. Helgi Jónasson og k. h. Jóna Sveinsdóttir 1935 – 1938. Árin 1938 – 1939 í eyði. Sigurþór Ívarsson og k. h. Ágústa Guðmundsdóttir 1939 – 1949.



Bæjarhóll Helgusanda, Eyjafjallajökull í baksýn.

69. Nafnlaust bæjarstæði suðaustur af Helgusöndum

Staðsetning:

N 63°33'46,4"

W 19°59'17,2"

Bæjarstæði nafnlaust suðaustur af Helgusöndum. Ætla má að Helgusandar hafi staðið hér fyrr á tímum. Í hólnum áttu börn Hegla Jónssonar og Guðlaugar Sigurðardóttur sér leikjabú um 1930.



Nafnlaust bæjarstæði næst, Helgusandar fyrir miðri mynd.

70. Nafnlaus bæjarrúst

Staðsetning:

N 63°34'13,0"
W 19°59'55,5"

Nafnlaus bæjarrúst suðsuðvestur frá Efri-Rotum og í landi Efri-Rota. Tættur mjög óskýrar.



Hestar nærast á gömlu bæjarstæði. Horft til norðausturs.

71. Syðri-Rot

Staðsetning:

N 63°34'13,6"

W 19°59'28,1"

Býli í landi Fornusanda s.a. frá Efri-Rotum. Lagðist í eyði 1914. Bæjarhóll mikill um sig og að öllu óraskaður. Sama máli gegnir um rústir útihúsa og túngarða. Mjög merk heimild um býli í byrjun 20. aldar. Ætti að friðlýsast innan túngirðingarinnar gömlu.

Um aldamótin 1800 nefndist býlið Rotabakki syðri. Þetta var kotbýli, taldist tvö og hálf hundruð í mati 1840. Jörðin er flatlend, grasi gróin og fremur mýrlend. Hún var lögð undir Helgusanda 1915, enda sami eigandi þá að báðum. Nú eign db. Einars Einarssonar.

Ábúendur: Þorleifur Eyjólfsson og k. h. Kristín Egilsdóttir 1898 – 1899. Þorleifur Eyjólfsson með börnum sínum 1899 – 1914



Syðri-Rot, túngarður næst, þá útihús og bæjarhóll fjærst.



Brunnurinn í Syðri-Rotum, norðan við hólinn.

72. Lambhúshóll

Staðsetning:

N 63°38'09,7"

W 19°58'28,5"

Á Markarfljótsaurum vestur frá Stóra-Dal er gróinn hóll og undirstaðan blágrýtisklöpp. Hann nefnist Lambhúshóll og þar stóð til um 1643 samnefnd hjáleiga Stóra-Dals. Munnmæli herma að Lambhúshóll hafi staðið í miðjum Dalsengjum og þarf ekkert að mæla gegn því að satt sé.



Horft til austurs í átt að Fagrafelli.

73. Króktún

Staðsetning:

N 63°38'16,5"

W 19°56'44,1"

Lítt áberandi ummerki um bæjarstæði má finna í túninu fyrir ofan Stóra-Dal. Þar hafa tún verið sléttuð og því ekki hægt að finna tættur.



Horft heim að Stóradal og út yfir Markarfljótsaura.

74. Stóri-Murnavöllur

Staðsetning:

N 63°38'32,2"
W 19°56'41,4"



Staðsetning norðan í Dalsás, í miðri brekku.

Eða:

N 63°38'33,1"
W 19°56'33,8"



Staðsetning, innar í Dalsás

Tvær staðsetningar koma til greina varðandi staðsetningu Stóra-Murnavallar. Annars vegar staður upp í brekkunni norðan í Dalsás þar sem sést móta fyrir tóftum. Hinn staðurinn er aftur á móti fyrir framan tóft af fjárhúsum sem stendur innar og neðar. Stóri-Murnavöllur var hjáleiga frá Eyvindarholti. Bæjarstæðið er hátt í brekku. Þar eru nú miklar fjárhústættur. Á norðurvæng bæjarstæðis er örnefnið Hjálmarsstöðull og þar auðsæ mannaverk sem þó lítið ber á í sinuborinni jörð. Örnefnisins gefur í landamerkjaskrá Ólafstorfunnar. Forn garðstúfur er niður frá bæjarstæði á mótum brekku og mýrar. Á honum var aflraunasteinn sem kallaðist Fullsterkur.

75. Litli-Murnavöllur

Staðsetning:

N 63°38'44,8"

W 19°56'11,9"

Bærinn hefur staðið þar sem heitir Stekkatún, við Kotagilslæk sem fellur hér fram úr Kotagili, bak við bæjarstæðið. Rústir mjög óglöggar.



Bæjarstæðið fyrir framan Kotagilslæk.

76. Hjáleigukot

Staðsetning:

N 63°39'29.4"

W 19°53'25.9"

Bærinn Hjáleigukot stóð sunnan við Hólalæk nálægt Miðmörk. Sjá má þar móta fyrir tóftum í litlum hól við lækinn.

77. Nauthús

Staðsetning:

N 63°40'10.6"
W 19°51'30.1"

Bærinn Nauthús stóð fyrir innan Nauthúsaá við minni Nauthúsagils, neðst í brekkunni. Í Jarðabókinni 1709 segir um Nauthús: "sjást til byggingar forns og túnstæðis.Enginn veit þess fyrstu byggð eða eyðilegging". Til er merkileg þjóðsaga um bærður sem bjuggu í Nauthúsum og heitir sú saga eftir þeim, Nauthúsabræður. Ekki er hægt að segja til um hvenær þarna var búið síðast. En ljóst má vera að það er langt síðan.



Byli sem byggð voru í landi Seljalands og fóru í eyði fyrir 1700

Hátún fór í eyði fyrir manna minni 1709

Hvasstún var skammt fyrir ofan bæinn á Seljalandi og fór í eyði um 1635 vegna hlaups í Markarfljóti

Setberg var skammt vestur af bænum. Þar var síðast rétt. Fór í eyði um sömu mundir og af sömu ástæðu og Hvasstún

Péturssel var sunnarlega í Sandhólma. 1709 vissu menn ekki hvenær sú jörð byggðist fyrst. Hún fór í eyði um 1675. Þá var landið "komið í sand og gljá og þar fyrir óbyggilegt.

Kýrmytarstaðir voru skammt frá Pétursseli og voru byggðir 4 – 5 ár um 1680.

Rotabakkar voru skammt fyrir utan, þar sem Seljalandsssel var síðar byggt. Fór í eyði 1688 vegna ágangs Markarfljóts.

Árbakkar

Nefndist hjáleiga frá Holti, sem var um tíma í byggð á seinni hluta 17. aldar. Lagðist í eyði 1707. Var þá tekin fyrir sel frá Holtsstað. Bærinn hefur staðið á bakka Rimhúsaáls og sér hans engan stað.

Einarskot

Þetta var tvíbýlisjörð árið 1709 og fóðraði þá 12 kúa þunga. Mun komin í byggð um 1600. Féll úr byggð skömmu eftir 1730. Bærinn stóð í Móanum langt suður frá Hellnahóli og sjást hans nú engar minjar.

(*Þórður Tómasson, Sunnlenskar byggðir IV, Eyjafjöll, 136*)

Prestshellir

N 63°39'01,6"
W 19°55'44,7"

Hellir við Ljósá (Eyvindarholtsá), norðanverðu rétt við brúna og liggur vegurinn yfir hann. Aðgengi er gott. Þjóðsaga tengist hellinum.

Búðargarður við Vesturholt

N 63°32'58,5"
W 19°54'22,4"

Almenningur vestan Fitjarmýrar

N 63°35'36,5"
W 19°58'40,6"

Almenningur milli Seljalandssels og Efrirota

N 63°34'40,7"
W 19°59'57,7"

Smalatangi

Tanginn stendur austan við Rimhúsaál niður við Holtsós. Talið er að á þessum stað hafi staðið bærinn Árbakki en nákvæm staðsetning bæjarinn nú glötuð. En miða við ummerki á svæðinu gæti hugsast að þar væri bæjarstæði Árbakka. Annars fær tanginn nafn sitt frá því að tveir smalar slógust og þegar yfir lauk lágu báðir dauðir. Lítil hóll sem stendur á tanganum er talinn leiði smalamanna.

Staðsetning:

W 63°32,951
N 19°31,151



Mynd tekin til suðurs.

